

Nr. 21-033 S 023 Helga María RE 1***Skipverji slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr. 1868
IMO: 8709793
Smíðaður: Noregi, 1988, stál.
Útgerð: HB Grandi hf
Stærð: 883 brl. 1470 bt.
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Eiríkur Jónsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. febrúar 2021 var Helga María RE 1 á togveiðum á SV miðum (*Fjöllumum*).
Veður: A 21 m/s. Ölduhæð 4 m.

Skipverjar voru að taka trollið en rússinn var óklár þannig að taka þurfti belginn inn með „gamla laginu“ þ.e.a.s. með stroffum. Skipverji var þess vegna staddur í skutrennuni við að slá á belginn þegar mikill sjór kom upp hana og inn yfir skutrennulokann. Skipverjinn reyndi að forða sér en sjórinn tók hann, skolaði honum upp á belginn sem kastaði skipverjanum upp í u.þ.b. tveggja metra hæð þegar tók í belginn. Hann lenti aftur ofan á belgnum og tagnaði á baki og hálsi.

Við rannsókn kom fram:

- að skutrennulokinn var uppi (lokaður);
- að þegar sjórinn kom upp rennuna reyndi skipverjinn að forða sér fram eftir skipinu í stað þess að fara út úr henni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.